



Hafið er opið

á laugardögum kl. 11-15

Hlíðasmára 8 og Spönginni 13
Sími 554 7200 | við erum á [facebook](#)



7. JÚNÍ 2014 • 21. tölublað 5. árgangur

REYKJAVÍK

VIKUBLAÐ



Oddvitar sex framboða fylgjast spennir með tölunum á kosningarótt. Átta karlar voru kjörnir í borgarstjórn og sjö konur. Hlutfallið sneri öfugt hjá fráfarandi borgarstjórn. Kjörsókn mældist 63 prósent, sem þykir mjög lítið. Sjá umfjöllun og umræðu bls. 2, 4 og 8. Mynd: Pressphotos.biz.

Pakkað niður í Nýlistasafninu:

Myglusveppur og snarhækkandi leiga

Við getum ekki verið háð dyntum leigusala eða verið í þjónustu við sérhagsmuni einkaaðila," segir Þorgerður Ólafsdóttir safnstjóri Nýlistasafnsins.

Aðstandendur Nýlistasafnsins sem hafa verið síðast liðin fimm ár í húsnæði við

Skúlagötu, pökkðu saman í gær og búast til að flytja starfsemina upp í Breiðholt.

Þorgerður segir að mikið hafi verið unnið í húsnæðinu en Nýlistasafnið ráði ekki við snarhækkandi leigugreiðslur. „Leigan var í kringum 300 þúsund á mánuði. Það er í sjálfu sér ekki mikið fyrir húsnæði og

það er stórt. En það breytist þegar lítið er til ástands hússins. Það leka pípur, hér er myglusveppur og listinn er endalaus. Fleiri og fleiri skemmdir komu í ljós sem þörfuðust róttækra aðgerða sem gátu ekki fallið á hendur leigutaka," segir Þorgerður.

Sjá bls. 2.

Heildarlausn í rekstri húsfélaga.



www.eignaumsjon.is
S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.



Barri

GRÓÐRARSTÖÐ

hús & heilsa

Rannsóknir og ráðgjöf vegna raka og myglu

HVERNIG ER ÁSTANDIÐ Á ÞÍNU HEIMILI EÐA VINNUSTAÐ?



Ástandsskoðun kaup • sala
rakamæling • sýnataka • loftgæðamælingar

www.husogheilsa.is hh@husogheilsa.is 695 0525

SKAGEN SJÓNVARPSSÓFI OG HÆGINDASTÓLL Á FRÁBÆRU HM-TILBOÐI



SKAGEN
tveggja sæta sjónvarpssófi
Stærð: 217x102 H: 106 cm.
Svart bonded leður.
Hægt að halla aftur, með
fótskemli og borði á milli.

HM-TILBOÐ
SKAGEN
SJÓNVARPSSÓFI
126.900
Fullt verð kr.
169.900



DORMA
- býður góða nótt



HM-TILBOÐ
SKAGEN
HÆGINDASTÓLL
59.900
Fullt verð kr.
79.900



SKAGEN hægindastóll
Stærð: 100x102 H: 106 cm.
Svart bonded leður.
Hægt að halla aftur
og með fótskemli.

Forsætisráðherra virðir ekki reglur um hagsmunaskráningu:

Boðsferðin enn óskráð

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, þingmaður Framsóknarflokksins og forsætisráðherra, hefur ekki skráð boðsferð sem hann fór með Icelandair til Kanada í hagsmunaskráningu á vef Alþingis.

Reykjavík vikublað vakti athygli á málinu fyrir einum og hálfum mánuði.

Ferðin var hins vegar farin í fyrstu viku marsmánaðar. Í reglum um hagsmunaskráningu þingmanna segir að tilgreina skuli „ferðir og heimsóknir innan lands sem utan sem geta tengst setu á Alþingi og útgjöldin eru ekki að öllu leyti greidd af ríkissjóði, flokki þingmannsins eða þingmanninum

sjálfum. Skrá skal hver stóð undir útgjöldum ferðar, tímabil hennar ásamt nafni áfangastaða.“ Þetta á að gera innan mánaðar eftir að ferð er farin.

Sigmundur fór í jómfrúarferð Icelandair til Edmunton í Kanada, og flaug á fyrsta farrými á kostnað Icelandair, sem einnig greiddi fyrir hann gistingu. Kostnaður við ferð af þessu tagi getur verið mismunandi, en ætla má að flug á fyrsta farrými auk gistingar geti hlaupið á hundruðum þúsunda króna.

Ekki náðist í Jóhannes Þór Skúla-son, aðstoðarmann forsætisráðherra við vinnslu fréttarinnar.

„Bjartsýn á að ná þessu saman“

Oddvitar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata munu halda áfram viðræðum um meirihlutasamstarf í borgarstjórn Reykjavíkur nú um helgina. „Þetta mjakast áfram. Við ætlum að gefa okkur ágætis tíma

í þetta og ræðum áfram saman um helgina,“ segir Björn Blöndal, oddviti Bjartrar framtíðar í samtali við Reykjavík vikublað. „Við erum orðin bjartsýn á að ná þessu saman, en þetta eru fjórir pólur og ekkert er alveg gefið.“



Jón Gnarr afhjúpar verk Theresu Himmer á gaflí Jórufells.

Veggjalist í Breiðholti

Listasafn Reykjavíkur og frístundamiðstöðin Miðberg standa í sumar fyrir listsmíðjum í Breiðholti. Átta ungmenni á aldrinum 17-20 ára hafa verið ráðin til læra veggmyndagerð undir handleiðslu reyndra listamanna. Þau fá jafnframt tækifæri til að mála myndir á vegg í hverfinu í samráði við íbúa og borgina. Verkefnið hófst núna í vikunni og stendur til loka júlí. Framtakið er hluti af stærra verkefni um vegglist í Breiðholti sem Listasafn

Reykjavíkur hefur staðið fyrir frá því í fyrra.

Fyrir rúmu ári fékk listasafnið listakonurnar Söru Riel og Theresu Himmer til að gera veggmyndir á gafla tveggja hárra fjölbýlishúsa í efra Breiðholti. Veggmynd Theresu Himmer var afhjúpuð í haust en til stendur að afhjúpa verk Söru Riel í sumar.

Einnig hefur verið greint frá því að tvær veggmyndir eftir Erró fari upp í Efra-Breiðholt.

Nýlistasafnið verður á tveimur stöðum:

„Vilja okkur út“

Þorgerður Ólafsdóttir, safnstjóri, segir að stjórn Nýlistasafnsins hafi unnið mikið starf í húsinu við Skúlagötu. „Við gerðum okkur alveg grein fyrir því að leigan gæti hækkað, en fjórðungs hækkan í leigunni í vetur kom okkur samt á óvart. Nú stendur til að hækka leiguna upp í 600 þúsund á mánuði. Svo er markmið þeirra að hækka leiguna í milljón alveg skýr skilaboð, að leigusalarinn vilja okkur út,“ segir Þorgerður.

Fasteignafélög í eigu Arion banka eru umsjónaraðilar húsnæðisins. Þorgerður segir að leigusali hafi

rift samningi við Nýlistasafnið að eins fimm dögum áður en hann rann út. „Til að reyna að sýna fram á að við séum erfiðir og ósamvinnuþýðir leigjendur. Raunin er að þeir hafa ekki viljað koma til móts við okkur eða ræða málin með tilliti til hag beggja aðila og núna eru skilaboðin skýr; þeir séu að fara að stefna Nýló fyrir Héraðsdóm.“

Borgin hefur aðstoðað Nýlistasafnið að finna húsnæði í Efra-Breiðholti. Þorgerður segir að safneignin verði þar og heimildarsófnin sem og tímabundin vinnuástanda. „En við erum að leita að húsnæði miðsvæðis fyrir sýningar



Þorgerður Ólafsdóttir.

og viðburði, þannig að starfseminni verður í raun skipt á milli tveggja staða.“

Þrjú starfsmenn eru hjá safninu, sem er sjálfseignarstofnun og fulltrúaráð yfir 350 félagsmanna. Eins og er fær safnið fjárframlög frá ríki og borg, en fjármagnar einnig starfseminna með því að afla styrkja til einstakra verkefna.

Leikskólakennarar tilbúnir að leggja niður störf:

„Ofureðlilegar kröfur“

Staða mála er sú að við erum að fara fram með ofureðlilega kröfur,“ segir Haraldur F. Gíslason, formaður Félags leikskólakennara. Leikskólakennarar hafa samþykkt vinnustöðvun 19. júní, til að fylgja kröfum sínum eftir.

„Við viljum sams konar hækkanir og aðrir kennarahópar hafa samið um. Síðast höfðum við náði í skottið á grunnskólakennurum hvað varðar grunnlaun, við lok samningstímans. Nú eru þeir búnir að semja. Sveitarfélögin bera þessa höfuðábyrgð, og ég sé ekki hvernig þau geta rökstutt það að aldur nemenda eigi að skipta máli í þessum efnum,“ segir Haraldur. Hann bætir því að lítið hafi þokast í

viðræðum en næsti samingafundur verði eftir helgi.

Lág laun

Samkvæmt upplýsingum frá Kennarasambandi Íslands fyrir í vetur eru meðallaun leikskólakennara um 360 þúsund krónur á mánuði, fyrir skatt. Laun leikskólastjóra og annarra stjórnenda eru ekki reiknuð inn í meðaltalið.

19. júní

En ef svo fer að leikskólakennarar leggja niður störf, hvers vegna var 19. júní valinn? „Þetta er kvennréttindagunn. Í stéttinni eru 98% konur í stéttinni og verulega víðeigandi að



Haraldur F. Gíslason.

leggja niður störf á þessum degi, ef við þurfum,“ segir Haraldur F. Gíslason.

Alíslenskt ofbeldi

Ég þekki allmarga múslima, aðallega konur og börn. Konurnar hafa næstum allar verið kúgaðar og þær hafa liðið fyrir það að vera konur enda kynnist ég þeim í húsi þar sem konur koma í kjölfar kynbundins ofbeldis og kúgunar,“ segir Sigþrúður Guðmundsdóttir, fræðslu- og framkvæmdastýra Kvænnaathvarfsins í

grein hér í blaðinu. Hún lýsir í greininni miklu og grófu ofbeldi sem þessar konur hafa orðið fyrir. „Ég held að mér gengi örlítið betur að skilja umræður dagsins um moskur og múslima ef þessar konur hefðu verið beittar ofbeldi af hálfu múslimskra samlanda sinna en ekki íslenskra eiginmanna eins og reyndar er oftast tilfellið.“ Sjá bls.14.

„Ömurlegt að nota fordóma“

Við vitum að fólk sem spilar á forðóma verður ekki lengi í pólitík,“ segir Amal Tamimi félagsfræðingur um útspil Framsóknarflokks og flugvallarvina dagana fyrir kosningar. Amal er frá Palesínu og sat nýlega á þingi fyrir Samfylkinguna. „Þessir

kjósendur Framsóknar verða sviknir eins og allir aðrir kjósendur flokksins frá því að hann komst til valda,“ segir Amal. „Það er samt ömurlegt að nota fordóma til þess að veiða atkvæði hjá fólki.“

Sjá bls.6.

Gætu misst rétt til atvinnuleysisbóta

Konur sem starfað hafa á kaffistofum Félagsstofnunar stúdenta í Háskóla Íslands gætu misst rétt sinn til atvinnuleysisbóta. Fjallað hefur verið um það í síðustu tölublöðum að konurnar starfa aðeins yfir vetrartímann, en kaffistofunum er lokað á sumrin. Fólk er svo endurráðið á haustin.

Kristín Guðný Sigurðardóttir sem hefur starfað fyrir kaffistofurnar í hátt í þrjú áratugi lýsir því í viðtali við student.is hvernig sá tími sem hún hefur verið án verkefna á kaffistofunni hefur lengst. Hún hafi áður tekið að sér störf á sumrin, til að mynda við ræstingar, en því sé ekki lengur til að dreifa. Á það er bent í umfjöllun student.is að réttur til atvinnuleysisbóta er 36 mánuðir í heildina og þeirri spurningu varpað fram hvort konurnar geti misst rétt til bóta. Stéttarfélagið Efling staðfestir að þegar bótarétturinn er uppurinn, þurfi fólk að starfa tvö ár samfleytt til að endurnýja réttinn.

ÓTRAUÐUR ÁFRAM
MEÐ OLÍU FRÁ COMMA **25% afsláttur***
*TILBOÐ GILDIR MEDAN BIRGÐIR ENDAST

5 LÍTRAR	TransFlow SD 15W-40 3.490 kr.	TransFlow ML 10W-30 3.490 kr.
20 LÍTRAR	TransFlow SD 15W-40 11.900 kr.	TransFlow ML 10W-30 12.900 kr.
205 LÍTRAR	TransFlow SD 15W-40 109.900 kr. með vsk.	

REYKJAVÍK, Bildshöfða 9
KÓPAVOGUR, Smiðjuvegi 4a, græn gata
HAFNARFJÖRÐUR, Dalshrauni 17
REYKJANESBÆR, Krossmóa 4, SELFOSS, Hrísmýri 7
AKUREYRI, Furuvöllum 15, EGILSSTAÐIR, Lyngás 13
www.bilanaust.is | Sími: 535 9000

Bilanaust
Gæði, reynsla og gott verð!

Ronja í Grafarvoginum

Nemendur í 6. bekk Rimaskóla settu á dögnum upp leikritið um Ronju Ræningjadóttur í grenndarskógi skólans innst í Grafarvogi. Nemendur 6. bekkjar skólans hafa undanfarin ár sett upp leikrit undir berum himni að vori. Allir nemendur árgangsins hafa tekið þátt í sýningunum.



Bjartur og Hanna í hlutverkum ræningjahjónanna Matthíasar og Lovísu.

Fylgstu með á Facebook Lindex Iceland



Bikinítoppur.
2995,-

LINDEX

LEIÐARI



Bilaður strætó

Ég ferðast oftast með strætó, það sem ég ekki labba eða hjóla. Svo var í vikunni, þegar dóttir mín fór í fimm ára afmæli hjá leikskólavini sínum í Ævintýragarðinn í Skútvögu. Þangað flutti okkur sá guli og litla bróður hennar, þriggja ára. Allt var þetta skemmtilegt. En heimferðin var eftir. Við gengum upp á stoppistöð við Sæbraut og vagn númer 12 kom á hárréttum tíma. Allt gekk eins og í sögu, þar til rétt áður en við komum að Mjódd heyrðist eins og slegið væri í þungt málmstykki og undarleg hljóð byrjuðu að heyrast í vagninum. „Ætli það hafi sprungið á honum,“ spurði konan mín. Ég var ekki viss. Vagninn komst upp í Mjódd en lengra fór hann ekki.

Tuttugu manns voru í vagninum, ásamt mér, dótturinni fimm ára, konunni og syninum sem nú var sofnaður í fanginu á mér.

Við vissum ekki hvort vagninn væri bilaður eða hvort hann færi áfram. Vagnstjórinn sagði ekkert. Við hefðum kannski skipt, hefðum við vitað að okkar vagn færi ekki lengra.

Vagnstjórinn fór tvisvar að hverjum dyrum og ýtti á einhvern takka, og settist aftur við stýrið. Svo heyrðust hviss og stunur, en dyrnar vildu ekki lokast. Vagnstjórinn fór í símann. Hann talaði útlensku. Við skildum að dyrnar vildu ekki lokast.

Að lokum, eftir rúmlega fimm mínútna bið í hreyfingarlausum vagninum, kom bílstjórinn, brosti afsakandi og sýndi okkur með látbragði íþróttanna að það þyrfti að skipta. Það kæmi nýr vagn.

Við sátum undir berum himni í Mjóddinni í tíu mínútur, ég með sofandi drenginn í fanginu, þar til afleysingavagninn kom.

Enginn varð pirraður. Allir sýndu þessu mikinn skilning og þolinmæði. Það var helst að fólk vorkenndi bílstjóranum, sem augljóslega reyndi sitt besta. Og það verður að segjast. Þrátt fyrir að það sé sannarlega óheppilegt að strætisvagn bili í miðri ferð, þá er varla annað hægt en að hrósa bílstjóranum sem gerði vel í óheppilegum aðstæðum og fyrirtækinu fyrir jafn snör viðbrögð og raun ber vitni. Og við komumst heim að lokum, þótt okkur seinkaði lítillega í þetta sinn.

Ingimar Karl Helgason

Í deigluinni

Fyrir sveitarstjórnarkosningarnar fyrir fjórum árum dró ég fram kristalskúluna mína og skygndist í hana. Mætti síðan í ríkisútvarpið á kosningaróttina og greindi frá því sem ég sá í henni, að kosningasigur Jóns Gnarr og Besta flokksins væri upphafið að endalokum fjórflokksins. Þegar stjórnmalaspekingar fóru svo að túlka niðurstöður kosninganna um síðustu helgi sögðu þeir að fjórflokkurinn hafi styrkt stöðu sína. Laug þá kúlan? Nei það held ég ekki. Upphaf að endalokum er ferli og það ferli er hafið. Sú kokhreysti að halda því fram að fjórflokkurinn hafi styrkt stöðu sína byggir einungis á þeirri staðreynd að kjörsókn var eins lítil og raun bar vitni

og talsverður hluti þeirra sem þó mætti á kjörstað kaus eitthvað annað en fjórflokkinn. En flestir þeirra sem mættu voru kjósendur á þeim aldri að þeir eru fulltrúar fortíðar en ekki framtíðar. Fólk sem fyrir löngu batt trúss sitt við einhvern fjórflokkanna og mun að líkindum halda tryggð við þá þar til yfir lýkur. Refsar stundum flokknum sínum tímabundið en fer ekki langt og kemur oft til baka.

En stór hluti kjósenda framtíðar bindur svo sannarlega ekki trúss sitt við fjórflokkinn og mun ekki gera. Það er óskhyggjan ein að binda vonir við það. Þó stjórnmálamenn- og konur segi alvarlegum rómi að það verði að endurhugsa vinnubrögð og aðferðir til að ná

Ummæli með erindi:

„Engin leið er til þess að fjölmiðill, sem býr við slíkt eignarhald, geti með trúverðugum hætti sinnt skyldu sinni og veitt eiganda sínum það aðhald sem gera verður kröfu um. Nýjustu dæmin eru hrópandi, hvað þetta varðar.“

- Davíð Oddsson, forsætisráðherra, á Alþingi 2004.



HÉÐAN OG ÞAÐAN ...



Engar stelpur

Kvennaíþróttir hljóta litla náð fyrir augum íslenskra íþróttafréttamanna. Þetta sýnir rannsókn sem greint var frá í Fréttablaðinu í vikunni. Sú frétt virðist ekki hafa náð inn á íþróttadeild sama fjölmiðils, því sama kvöld voru bara strákar í boltaleik frá kvöldinu áður, en engar stelpur, og var þó leikið í efstu deild kvenna fyrir fréttatímamann.

Milli leikja

Dagur B. Eggertsson hefur sagt að meirihlutaviðræðum í Reykjavík ljúki í síðasta lagi fyrir næstu helgi, því þá hefst HM í fótbolta. Þessi skýring stenst hins vegar ekki, því menn gætu örugglega spjallað saman milli leikja. Skýringin á tímamörkunum hlýtur hins vegar að vera sú að um næstu helgi verður jafnréttisráðstefnan Nordiskt Forum, haldin í Malmö. Þar verður Sóley Tómasdóttir ásamt hundruðum annarra íslenskra kvenna.



Síminn lokaður

Kleópatra Mjöll setti mynd af sér í löggubúningi inn á facebook og lenti allnokkru síðar í því að lögregla hafði afskipti af henni á almannaþæri vegna málsins. Spyrja má hvort það séu eðlileg vinnubrögð að löggan elti fólk uppi á götum úti vegna máls af þessu tagi. Gat löggan ekki bara hríngt í viðkomandi, eða sent fyrirsurn á facebook?



Framtíðarfréttir

Jón Ásgeir Jóhannesson og fleiri voru sýknaðir í héraðsdómi í Aurum málinu svonefnda. Allir miðlar greindu frá þessu sem vonlegt er. Sumir virðast raunar vera á undan samtímanum ef marka má Bjarna Ólafsson, ritstjóra Viðskiptablaðsins, sem skrifaði á facebook síðu sína. „Verð að hrósa kollegum mínum á Vísi - það eru ekki allir sem geta skúbbað niðurstöðu héraðsdóms 25 mínútum áður en dómur fellur.“



Í FRÉTTUM

Forstjóra-klúbburinn

Stjórnarformaður Gildis lífeyrissjóðs lýsti fullkomnu áhrifaleysi sjóðsins í viðtali við Markaðinn, viðskiptablað Fréttablaðsins í vikunni. Gildi á yfir 10 prósent hlut í Högum, stærsta verslunarfyrirtæki landins. Þar starfar jafnframt hæst launaði forstjórinn, með 8 milljóna króna mánaðarlaun. Lagt hefur verið til í Gildi að laun forstjórans verði endurskoðuð. „Við getum ekki gert þetta með þeim hætti að ætla einum stjórnarmanni að fara fyrir okkar hönd með þessa kröfu,“ var haft eftir stjórnarmanninum. Ef ekki stjórnarmenn lífeyrissjóða í eigu almennings, hverjir eiga þá að gera slíkar tillögur?



Ferskur vindur

Salvör Nordal forstöðumaður Síðfræðistofnunar hefur nú tekið sæti í stjórn Haga. Kannski er það er kannski er þá von á samfélagslegri áherslum? Og kannski er hægt að endurskoða kjörin. Og ekki vanþörf á. Því kannanir sýna að þótt fyrirtækið hafi efni á dýrasta forstjóranum, þá er kassafólkið yfirleitt með þeim allra lægst launuðu í samfélaginu.



Rafmagnslaust

Rétt fyrir kosningar, eins og raunar oft áður, var alls konar verksmiðjum hrúgað inn í fréttatíma. Kannski eins og loðdýr og laxeldi á árum áður, eru kísilverksmiðjur mjög í tisku. Hins vegar hefur spurningunni um raforku til allra þessara kísilvera enn ekki verið svarað – fyrir utan allar spurningar um kostnaðinn sem fellur á umhverfið – og svo þarf auðvitað líka að svara því hvaða rafmagn ætti þá að fara um streng til Skotlands. En ríkisstjórnarmeirihlutinn sem vildi afnema náttúruverndarlög ætla sennilegast að setja Ísland eins og það leggur sig í nýtingarflokk og túrbínur í sturtur sundlauganna og öll klósett.



Höfundur er Þórhildur Þorleifsdóttir, leikstjóri

til nýrra kjósenda og að lýðræði sé í stórhættu mun það engu skila þeim. Lýðræðið er ekki í neinni hættu, en það

er að taka breytingum og viðhorf ungs fólks til þess er annað en flestra þeirra sem eldri eru. Það er alveg greinilegt að hefðbundnir flokkar, sem byggja hugmyndafræði sína á samfélagi og aðstæðum sem eru gjörbreyttar svara ekki kalli nútímans, hvað þá framtíðar. Ungir kjósendur finna hugsjónum sínum, hverjar svo sem þær kunna að vera, ef þá einhverjar, ekki farveg í hefðbundnum flokkum.

Hvað tekur við sé ég ekki í kúlunni minni, en hitt sé ég að lýðræðið er í deiglu og í deigluinni bráðnar allt. En í því býr einmitt máttur sköpunar og eitthvað nýtt verður til. Hvort sem okkur líkar betur eða verr.

Ritsmiðja í Sólheimasafni

Enn eru nokkur sæti laus í ókeypis ritsmiðju fyrir börn 9-12 ára í Sólheimasafni í næstu viku, 10. til 13. júní. Ritsmiðjan er frá kl.9:30 til 12 alla dagana. Hildur Knútsdóttir rithöfundur er leiðbeinandi. Hér má sjá hóp barna úr ritsmiðjunni ásamt Þórdísi Gísladóttur, rithöfundu og þýðanda.

REYKJAVÍK VIKUBLAÐ
21. TBL. 5. ÁRGANGUR 2014

ÚTGEFANDI: Fótspor ehf. Ábyrgðarmaður: Ámundi Ámundason, sími: 824 2466, netfang: amundi@fotspor.is. Framkvæmdastjóri: Ámundi Steinar Ámundason, netfang: as@fotspor.is. Auglýsingastjóri: Ámundi Ámundason, Suðurlandsbraut 54, 108 Reykjavík. Auglýsingasími: 578 1190, netfang: auglysingar@fotspor.is. Veffang: fotspor.is. Ritstjóri: Ingimar Karl Helgason, sími: 659-3442 netfang: ingimarkarhelgason@gmail.com. Blaðamaður: Atli Þór Fannal. Netfang: atli@thorfanndal.com. Menningarbláðamaður: Hildur Björgvinsdóttir. Netfang: hildurbjorgvins@gmail.com. Matarbláðamaður: Svavar Halldórsson. Sími: 869-4940. Netfang: svavar@islenkskurmatur.is. Umbrot: Prentsníð, Prentun: Isafoldarprentsmiðja, 50.000 eintök. Dreifing: Póst: dreifing

UMHVERFISVOTTUÐ PRENTUN



FRÍBLAÐINU ER DREIFT Í 50.000 EINTÖKUM
Í ALLAR ÍBÚÐIR Í REYKJAVÍK.

Auglýsingasíminn er 578 1190



Byggðu þér hús í Reykjavík

Reykjavík býður tilbúna lóðir á föstu verði í vel skipulögðum hverfum sem eru í uppbyggingu með vaxandi þjónustu. Í Úlfarsárdal stendur yfir samkeppni um uppbyggingu samþætts leik- og grunnskóla með aðstöðu fyrir frístunda- og félagsstarf. Einnig verður þar starfrækt menningarmiðstöð og almenningsbókasafn, kennslu- og almenningsundlaug, sem og íþróttahús Fram í Úlfarsárdal.

Byggðin undir Úlfarsfelli og Reynisvatnsáasi er farin að taka á sig mynd. Í Úlfarsárdal getur þú valið milli 76 lóða fyrir einbýlishús, raðhús, parhús og fjölbýlishús. Í nærliggjandi hverfi, Reynisvatnsáasi, er val um 31 lóð fyrir einbýlishús. Þá eru 6 einbýlishúsalóðir í Blesugróf og Lambaseli í boði.

Fast verð:

Verð fyrir lóðir innifelur byggingarrétt og gatnagerðargjald.

- á hverja íbúð í fjölbýlishúsum 4.600.000 kr.
- á hverja íbúð í rað- og parhúsum 7.600.000 kr.
- fyrir einbýlishús að 375 m² 11.100.000 kr.
- fyrir einbýlishús í Blesugróf og Lambaseli 13.000.000 kr.

Hafðu samband við okkur til að fá upplýsingar eða farðu inn á vefinn www.reykjavik.is/lodir. Þar finnur þú öll gögn og umsóknareyðublöð. Þau eru einnig aðgengileg í þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12 -14.

Sendu okkur fyrirspurn á netfangið lodir@reykjavik.is eða hringdu í síma 411 11 11. Starfsmenn á skrifstofu eigna og atvinnuþróunar leiðbeina þér með ánægju.



Ný sundlaug og íþróttastaða verður byggð í hverfinu.



Menningarstarf verður mikilvægur hluti af starfsemi hinna nýju þjónustumannvirkja.

FRÉTTASKÝRING

atli@thorfanndal.com



Atli Þór Fanndal

„Fólk sem spilar á fordóma verður ekki lengi í pólitík“

„Við vitum að fólk sem spilar á fordóma verður ekki lengi í pólitík,“ segir Amal Tamimi félagsfræðingur um útspil Framsóknarflokks og flugvallarvina dagana fyrir kosningar. Framsóknarflokki gengur illa að þvo af sér stimpil útlendingaandúðar eftir að oddviti flokksins boðaði kosningu um hvort moska fengist byggð í Reykjavík. „Þessir kjósendur Framsóknar verða sviknir eins og allir aðrir kjósendur flokksins frá því að hann komst til valda,“ segir Amal. „Það er samt ómurlagt að nota fordóma til þess að veiða atkvæði hjá fólki. Kosningar til sveitastjórnar snúast ekki um annað en að þjóna öllu fólki. Það er ekki hægt að ákveða að þjónusta bara þig eða mig og alla sem eru eins og við. Við veljum ekki að þjónusta ekki þá sem eru öðruvísi.“ Amal minnir fólk þó á að Framsókn, sem er með tvo fulltrúa borgarstjórn, hafi einangrað sig með útspili sínu og fari raunar ekki með neitt vald í borgarstjórn sökum þess.

Alveg sama um jafnræðisregluna

„Af hverju ætti ég að hafa áhyggjur af því?“ svaraði Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir frambjóðandi Framsóknar og nú borgarfulltrúi, spurning DV skömmu fyrir kosningar um hvort hún óttaðist ekki að það gengi berhöggi við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar að neita múslimum um lóð til byggingu mosku í ljósi þess að önnur trúfélög hafa notið slíkra ívilnana frá Reykjavíkurborg. Guðfinna bætti svo við; „Er ekki miklu verra að fólk hafi ekki húsnæði í Reykjavík? Fólk hefur trúna í hjarta sínu og á að geta rækt hana hvar sem er. Miðað við ástandið í borginni er forgangsmál að fólk hafi húsnæði.“ Með ummælum sínum stillir annar borgarfulltrúi Framsóknarflokksins þannig múslimum og væntanlegri moskubyggingu hópsins upp sem hindrun á vegi uppbyggingu húsnæðis fyrir Reykjavík.

Hvítþvottur og fórnarlambavæðing

Forystu Framsóknarflokksins hefur gengið afar brösulega að þvo af sér stimpil útlendinga- og múslimaandúðar vegna málsins. Viðbrögð flokksforustunar létu til að byrja með á sér standa ef frá er talið ummæli Sigrúnar Magnúsdóttur, þingflokksformans Framsóknar, sem sagði

ummæli Sveinbjargar gagna gegn stefnu flokksins. Hún bætti þó við að flokksmönnum væri heimilt að hafa sína skoðun. Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra hlekkjaði skömmu síðar í frétt af ummælum Sigrúnar með orðunum: „Tek undir orð þingflokksformanns Framsóknar!“ Þau viðbrögð ráðherrans voru túlkuð sem staða gegn hugmyndum Framsóknarmanna í Reykjavík um að gera val um hvort múslimar í Reykjavík skuli standa jafnfætis fyrir lögum að kosningamáli. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forsætisráðherra lét biðja töluvert eftir sér og þagði fyrstu um sinn. Það gerði Svanur Guðmundsson, kosningastjóri Framsóknar og eiginmaður Guðfinnu, hins vegar ekki. „Hvenær voru múslimar minnihlutahópur?“ spurði hann á Facebook og taldi hið mesta lýðræðismál að um málið yrði kosið.

Sérhlífin fjallaræða

„Það er með ólíkindum hvað menn leggjast sumir lágt í tilraunum til að koma höggi á pólitíska andstæðinga. Þegar menn seilast svo langt að saka heilu hópana um kynþáttanið að ósekju þá er það ekki bara alvarlegt mál fyrir þá sem fyrir því verða heldur fyrir samfélagið allt,“ skrifaði forsætisráðherra um málið tæpri viku eftir að fyrst var gengið eftir svari frá honum um afstöðu flokksforustunar til ummæla oddvítans. Í

færslunni birtist ekki skýr andstaða við múslimaandúð Reykjavíkurflokksins en gagnrýnendum Framsóknar fengu yfir sig formælingar forsætisráðherra sem og áminningu á að einhverjir hefðu andmælt Icesave. Félagsmálaráðherra Eygló Harðardóttir lét biðja eftir sér, fram yfir kosningar, áður en hún ljáði málinu skoðun sína. Í stað þess að tala skýrt gegn kosningabrellum líkt og þeirri sem frambjóðendur og kosningastjóri Framsóknar og flugvallarvina í Reykjavík keyrðu atkvæðasmölun sína á þá talaði Eygló um ábyrgð fjölmiðla og hita leiksins. Þá benti hún sérstaklega á hversu erfitt er fyrir stuðningsfólk Framsóknarflokksins að sitja undir ávirðingum vegna ummæla oddvítans. „Það er líka mjög erfitt fyrir heila stjórnmalahreyfingu að sitja undir því að það eigi að útrýma okkur vegna þess að við höfum ákveðnar stjórnmalaskoðanir vegna þess að einstaklingar segja eitthvað sem er hluti af þessari hreyfingu okkar. Þess vegna er svo mikilvægt núna að við aðeins öndum, reynum að taka samtalið.“ Þess skal geta að stjórnmalaflokkar ólíkt öðrum hreyfingum leggja sögu sína, verk, stefnu og einstaklinga í dóm almennings. Ummæli Eyglóar eru sérstök í því ljósi enda samábyrgð grundvallarstef í hugmyndinni um kosti flokkakerfis líkt og því sem er við lýði hér á landi.

Viðvörðun í sögunni

Athygli vekur hversu svifasein forusta Framsóknar er til að grípa í taumana og gera öllum ljóst, bæði innan flokks sem og utan, að kosningamál og stefna sem höfði til lægstu hvata eða ali á andúð gegn jafnræðisreglu verði ekki liðin undir merkjum Framsóknar. Flokkurinn er fyrir það fyrsta elsti flokkur landsins og fer um þessar mundir með forsætisráðuneytið. Forsætisráðherra skipaði nýlega stjórnarskrárnefnd sem vinna á frumvarp til endurskoðunar stjórn-



arskrárinnar. Í því ljósi ætti forystu flokksins að vera ljóst að lítið rými er til vafa um hvort flokkurinn virði mannréttindi til hins ýtrasta. Æskilegt er að kjósendur gangi út frá því trúnaðarmenn og kjörnin fulltrúar láti sér til að mynda ekki standa á sama um jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Að auki getur Framsóknarflokkurinn hæglega velt fyrir sér tiltölulega nýlegu dæmi um fórnarkostnaðinn sem fylgt getur því að flokkur grípi ekki strax í taumana þegar öfgafullar raddir útlendingaandúðar fara að heyrast meðal trúnaðar- og talsmanna flokksins.

Ísland fyrir Íslendinga

„Væri ég atvinnulítil Pólverji mundi ég ekki hugsa mig tvisvar um og flytja til Íslands. Enginn má skilja orð mín svo að ég sé á móti Pólverjum eða öðru kristnu fólki úr okkar heimshluta,“ skrifaði Jón Magnússon lögmaður í Blaðið, seinni part árs 2006, í grein sem bar titilinn Ísland fyrir Íslendinga. Um svipað leiti hafði Jón Magnússon og félagsskapur sem kallaði sig Nýtt afl, sameinast inn í Frjálslynda flokkinn. Skrif Jóns eru einhver þekktasta birtingamynd þess hvernig fámennur hópur manna sem drifinn var áfram af hræðslu og andúð á menningu, sem þeir töldu ill sambærilega við þá íslensku, rústaði margra ára starfi grasrótur Frjálslynda flokksins. „Ég vil ekki fá hingað fólk úr bræðralagi Múhameðs sem hefur sín eigin lög

og virðir ekki lágmarksmannréttindi og misbýður konum. Ég vil ekki fá til Íslands hópa sem eru til vandræða alls staðar í Evrópu.“

Skytturnar þrjár

Andvaraleysi flokksforystu Frjálslynda flokksins, í bland við tækifærismennsku og gleði yfir hækkingu fylgi við flokkinn á tímum mikillar gerjunar, virðist hafa átt þátt í að fámennur hópur manna náði gagnrýnislaust eyrum fjölmiðla og fólks utan Frjálslyndra. Þeir Jón Magnússon, Magnús Þór Hafsteinsson varaþingmaður flokksins og Viðar Guðmundsson, formaður félags ungra frjálslyndra virðast þannig hafa haft sig langmest frammi á opinberum vettvangi. Þrátt fyrir skýrar vísbendingar hræðsluáróður og andúð gegn minnihlutahópum tjáði forusta flokksins sig ekki með afgerandi hætti gegn hugmyndum mannana. Undanskilin er þó Margrét Tryggvadóttir, þáverandi framkvæmdastjóri en núverandi formaður framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar. Margrét var skýr í andstöðu sinni við málflutning Jóns Magnússonar og hans manna. „Ég vildi frekar sjá á eftir mögulegu þingsæti en að taka þátt í einhverjum rasistaflokki,“ sagði Margrét við Fréttablaðið skömmu eftir að grein Jóns birtist.

Vörumerkið xF

Þeir Jón og Viðar yfirgáfu að lokum Frjálslynda flokkinn ásamt Magnúsi en bæði Jón og Viðar eru í dag virkir innan Sjálfstæðisflokksins. Viðar var raunar á framboðslista flokksins í Reykjavík nú í síðustu kosningum. Eftir stendur að vörumerki Frjálslynda flokksins er laskað og raunar enn fremur tengt rasisma en andstöðu við kvótakerfið meðal þeirra sem ekki störfuðu innan flokksins. Sé saga frjálslyndra skoðuð í sambengi við þróun Framsóknar síðustu mánuði er erfitt að skilja hvers vegna forysta flokksins upplýsir ekki með skýrum hætti hvert hún vill sjá flokkinn stefna. Stað þess að keppast við að lýsa flokkinn fórnarlamb ómálefnalegar andúðar pólitískra andstæðinga.

UltraGlozz®

er margfaldur sigurvegari sem **sterkasta og endingarbesta bílabónið**

Rétta vetrarbónið á bílinn. **Polir tjörupvott og sterkustu þvottaefni.**

Gagnast sérlega vel þeim sem þvo bílana sína reglulega á bílapvottastöðum

Prófaðu bónið og þú sannfærist



Fæst í verslunum BYKO og N1 um allt land

www.ultraglozz.is




Matfugl



Einstök kjúklinga

ÞRENNNA

TILBÚIÐ
fulleldað
aðeins að hita



Matfugl

HRINGBORÐIÐ



Dræm kjörsókn

Hvað telur þú að geti skýrt litla kjörsókn og hvað mætti gera til að auka hana?



Hallfríður Þórarinsdóttir, forstöðumaður Miðstöðvar innflytjendarannsóknna, Reykjavíkur akademíunni

Kosningaleiði?

„Í fyrsta lagi vantaði augljóslega kraftinn sem var í síðustu borgarstjórnarkosningum, sérstaklega þann sem fylgdi Jóni Gnarr og Besta flokknum. Ekkert framboð núna náði þeim. Grunar líka að sinnuleysi fólks megi skýra út með því að það láti öðrum eftir að kjósa en treysti á að skoðanakannanir gangi eftir og þá séu þeirra fulltrúar öruggir. Enn önnur skýring væri fjöldi kosninga á undanförunum árum sem gæti bent til kosningaleiða. Vonandi er þó þessi dræma kosningaþátttaka tilfallandi en ekki varanleg. Engu að síður kallar hún á umræðu um mikilvægi þess að kjósendur nýti sér kosningarétt sinn og þess að standa vörð um lýðræðið.“



Víðir Smári Pedersen, lögfræðingur

Skýrari línur

„Ég held að það sé ekki til neitt einhlítt svar við þessu, en mér finnst ekki ólíklegt að mörgum hafi fundist stefnumál flokkanna um margt keimlík og því kannski ekki skipta öllu máli hverjir sitji við stjórnvölinn. Það voru allir flokkarnir að boða alls konar ókeypiss, á kostnað skattgreiðenda, hvort sem þeir voru til hægri eða vinstri. Auðvitað var áherslumunur á milli flokkanna. Áherslumunurinn var hins vegar ekki eins afgerandi og oft áður og mér finnst ólíklegt að hann hafi náð nógu vel til hins almenna kjósenda. Ég held að það sé ekkert eitt sem gæti aukið kjörsóknina á nýjan leik, en það myndi allavega ekki skemma fyrir ef baráttan um

hugmyndafræði væri meira áberandi. Þá væru átakalínurnar skýrari og fólk fengi það þá vonandi meira á tilfinninguna að atkvæði þeirra skipti máli.“



Fríða Garðarsdóttir, framhaldsskólakennari

Lýðræðið meira en kosningar

„Lítill – og minnkandi – kosningaþátttaka er áhyggjuefni. En það verður að fara varlega í að einfalda ástæðurnar sem liggja að baki. Fullyrðingar um að ungt fólk sem nýti ekki kosningarétt sinn sé áhugalaust er gott dæmi um slíka einföldun. Meirihluti ungs fólks er bæði skynsam og áhugasamt um umhverfi sitt og lætur sig ýmis samfélagsmálefni varða. Hinsvegar leiðist því mörgu sá farvegur sem stjórnmálin hjakka í, það finnur til vanmáttar gagnvart ferlunum og þykir rödd sín hafa lítið vægi.“

Lýðræði er annað og meira en bara kosningar. Til þess að vilja taka þátt í að móta samfélagið verður fólki að líða eins og skoðun þess skipti máli og að það borgi sig að kynna sér málefni og vera virkur þátttakandi í umræðum og ákvarðanaferlum. Sem samfélag verðum við að efla þær leiðir sem fyrir eru og finna nýjar til þess að virkja samtalið og veita öllu fólki – sérstaklega einmitt því unga – færi á að taka virkari þátt. Í þessum efnunum þarf ekki síst skólakerfið að taka á sig rögg, enda stofnanir þess margar með þeim ólýðræðislegustu sem fyrir finnast, fjöl-

miðlar eiga taka sinn þátt alvarlega, foreldrar, atvinnurekendur og síðast en ekki síst verða stjórnmála- og embættismenn að hleypa enn fleirum að borði sínu.“



Kristinn Már Ársælsson, doktorsnemi í félagsfræði

Aukið samráð

„Í síðustu þremur sveitarstjórnarkosningum hefur kjörsókn í Reykjavík dregist saman og var 63% nú síðast. Dregið hefur úr trausti á stjórnmálamönnum en á móti virðist áhugi á stjórnmálum hafa aukist frá árinu 1983 og einna helst frá 2003. Því miður er sjúkdómsvaldurinn óþekktur, ekki er að finna vísindagrein hérlandis sem varpar skýru ljósi á málið. Ný framboð, nýjar áherslur, friður og ófriður í borgarstjórn virðast ekki duga til að snúa þróuninni við. Ef gera á markvissa tilraun til að auka kjörsókn er nauðsynlegt að vita hver sé sjúkdómsvaldurinn. Ýmsar getgátur hafa verið settar fram: minni áhugi og traust, versnandi stjórnmálamenning, flokksræði, að ekki megi kjósa rafrænt, færri auglýsingar og umfjöllun fjölmiðla svo eitthvað sé nefnt. En þar sem óvíst er hver sé orsökina er hætt við að beitt verði meðölum sem reynast lyfleysa eða gera jafnvel illt verra. Þá má ekki gleyma því að auka má áhrif og hlutdeild kjósenda í ákvarðanatöku milli kosninga. Viða hefur samráð verið aukið til muna sem og komið á ýmis konar þátttökuferlum. Rannsóknir benda til að slík ferli geti aukið jöfnuð, félagsauð og jafnvel líkur á að fólk kjósi.“



Daði Ingólfsson, tölvunarfræðingur

Beint lýðræði

„Prinsippleski stjórnmálanna er höfuðorsök – fólk skynjar það þegar hjartað fylgir ekki, en bara ásókn í völd. Í öðru lagi eru kosningar að gamaldags og stíft ferli sem hentar illa nútímahugsun. Í þriðja lagi hefur þetta með menntun og sjálfstæða, gagnrýna hugsun að gera. Við erum að bregðast sem uppallendur.“

Prinsippleski er innngöngupassi í íslenskt flokkakerfi. Þú afsalar þér skoðunum þínum fyrir frama. Flokkakerfið þrífst fyrir sjálf sig, en ekki kjósendur, og því þarf að taka það til ræðilegrar endurskoðunar – og allt stjórnkerfið með. Gallinn er að þeir sem best þrífast innan þess ráða hversu mikið eigi að breyta því... Stóraukið beint lýðræði gæti hjálpað, sem og persónukjör. Með öðrum orðum, atkvæðið á að vera heilagt, ekki kerfið.“

Upplýsingar þurfa að vera aðgengilegri svo fólk eigi auðveldara með að mynda sér skoðun. Þær þurfa að vera settar fram með margvíslegum hætti (jafnvel skemmtilegum) – það eru hreinlega of margir aðrir hlutir að keppa um athyglina. Einnig þarf að gera kosningaferlið auðveldara og gera fólki kleift að kjósa hvar og hvenær sem er og breyta svo atkvæði sínu.

Auk þessa þurfum við að byrja að hugsa. Og kenna börnunum okkar að hugsa. Betra er seint en aldrei.“

Reykjavík – vikublað hefur fengið stóran hóp valinkunnra kvenna og karla til að spá í málefni líðandi stundar með lesendum. Þátttakendur í Hringborðinu eru eingöngu fulltrúar eigin sannfæringar en ekki hagsmunaaðila, fyrirtækja, stjórnmálaflokka, íþróttafélaga eða annarra samtaka og stofnana.



Jana Salóme Ingibjargardóttir, efnafræði- og söngnemi

Letjandi umræða

„Ég tel að margt komi til. Rigninin á kjördag hafði vissulega letjandi áhrif sem og frídagur á fimmtudaginn fyrir kosningar. Kjörsókn hefur farið niður á við í Reykjavík síðan í sveitastjórnarkosningunum 2002 sem gæti orsakast af minnkandi áhuga fólks á pólitík almennt. Nú á eftir að greina kjörsókn gagnvart aldri en talið er að ungt fólk hafi ekki verið að skila sér á kjörstað. Ég tel ástæðuna fyrir því vera að umræða gagnvart stjórnmálum í landinu hefur verið afskaplega neikvæð og letjandi. Þ.a.l. hefur ungt fólk alist upp í neikvæðu pólitísku andrúmslofti og telur sitt atkvæði ekki skipta máli.“

Betra veður og betri tímasetning gæti þá verið til aukningar á kjörsókn. Hins vegar er lýðræði ekki sjálfsgæddur hlutur. Áhrifin höfum við á fjögurra ára fresti til að breyta og bæta og okkur ber samfélagsleg skylda til að nýta þennan rétt. Ég held að þurfi að gera öllum aldurshópum grein fyrir því, sérstaklega nýjum og ungum kjósendum. Okkar atkvæði skiptir máli, sama hvort það er autt, ógilt eða merkt bókstaf. Mæting á kjörstað er fyrir öllu. Án mætingar tel ég okkur ekki hafa rétt til að kvarta og kveina yfir stjórnvöldum.“



Oddvitar sex framboða fylgjast spenntir með tölum á sjónvarpsskjá í Ráðhúsinu á kosninganótt. Kjörsókn var hin minnsta í manna minnum.

Mynd: Pressphotos.biz.

VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU

Á Hveravöllum rækta hjónin Páll og Heiðbjört íslenska tómata. Þar hefur sama fjölskyldan ræktað grænmeti óslitið frá árinu 1904. Þau búa að gamalli fjölskylduuppskrift að kryddsultu úr tómötum sem gott er að nota á brauð og kex.

- Fjölskyldusulta Páls og Heiðbjartar -

1 laukur // 4-6 tómatar // 1 græn paprika // 2 msk ólífuoía // ½ tsk cayenapipar
4 negulnaglar // 1 kanilstöng // ½ tsk af salti // 2 msk af hráskyri // 2 tsk af sítrónusafa.
Handfylli af söxuðum kóriander eða basil til að setja rétt undir lokin.

Skera grænmetið í litla bita. Hita olíuna og skella grænmetinu á pönnuna ásamt kryddum, sjóðið niður í 40-45 mín, hræra í annað veiðið, eða þar til að allt er orðið vel maukað. Kæla niður. Fjarlægja negul og kanilstöngina. Njótið vel!



MENNINGIN

Íslenskt sveimrokk í Japan

Hildur
Björgvinsdóttir



Íslenska hljómsveitin Oyama hefur gert samning við japanskt útgáfufyrirtæki og kemur EP plata frá sveitinni út þar í landi í næsta mánuði. „Við erum að skipuleggja smá túr til Japans í lok ársins sem við erum mjög spennt fyrir,“ segir Úlfur Alexander Einarsson, söngvari og gítarleikari sveitarinnar, en hún hefur einnig tekið þátt í erlendum tónlistarhátíðum.

Snillingar á heims-mælikvarða

Það var árið 2012 sem það rann upp fyrir Úlfi Alexander að þrátt fyrir að hafa spilað í fjölda hljómsveita í nokkur ár þá var engin þeirra sem spilaði uppáhalds tónlistina hans, einhverskonar hægt og fallegt 90's jaðarrokk. Hann hafði samband við nokkra vini úr öðrum böndum, snillinga á heims-mælikvarða að eigin sögn, og úr varð hljómsveitin Oyama. Aðrir meðlimir eru gítarleikarinn Kári Einarsson, Rúnar Örn Marinósson á trommur, Júlía Hermansdóttir sem syngur og leikur á hljómborð og bassaleikarinn Bergur Anderson. Sá síð-

astnefndi lýsir tónlist hljómsveitarinnar sem sveimrokk og þykir Úlfi það lýsa henni vel.

Tónlistarhátíð varð að plötusamningi

Fyrir ári lék hljómsveitin á tónlistarhátíðinni The Great Escape í Bretlandi en hátíðin er sú helsta í Evrópu sem leggur áherslu á nýja tónlist. Hljómsveitin lék á nokkrum tónleikum og á eina þeirra kom fulltrúi frá japanska plötufyrirtækinu Imperial Records sem er stór hluti hljómflutningsfyrirtækisins, JVC. Hún hreifst mjög af tónlist Oyama og eftir að hafa hlustað á EP plötu hljómsveit-

arinnar, plötu sem á eru fleiri lög en á smáskífum en er þó ekki nógu löng til að flokkast sem breiðskífa, setti hún sig í samband við umboðsmann hljómsveitarinnar. Eftir nokkrar samræður varð niðurstaðan plötusamningur sem undirritaður var í mars síðastliðnum.

Vonir um risastóran hlustendahóp

En hvað ætli plötusamningur í Japan þýði fyrir nýlega hljómsveit frá Íslandi? „Ég veit það ekki alveg. Þetta er ekkert risa plötufyrirtæki en virðist vera alveg eitthvað alvöru dæmi samt. Þetta þýðir allavegana að EP platan okkar [I Wanna] mun koma út í búið í Japan 23. júlí og að platan sem við erum að taka upp núna muni líka koma út í Japan þegar hún er tilbúin. Við erum einnig að skipuleggja smá túr til Japans í lok ársins sem við erum mjög spennt fyrir.“ segir



Úlfur. Hann bætir við að enn sem komið er sé hlustendahópurinn í Japan ekki ýkja stór en vonast þó til að hann verði risastór þegar plötunna hafa komið út þar í landi.

Aðspurður hvort meðlimir hljómsveitarinnar kunni eitthvað í japönsku kemur í ljós að Júlía, sönkona og hljómborðsleikari, hafi reyndar lært japönsku í Háskóla Íslands en aðrir meðlimir verði að treysta á enskunnáttu Japana þegar hljómsveitin heldur utan til tónleikahalds síðar á árinu.

Tekið upp í Sundlauginni

Það sem af er ári hefur hljómsveitin verið talsvert á ferðinni erlendis við tónleikahald, meðal annars á hátíðunum Air d'Islande í Frakklandi og Eurosonic í Hollandi. Undanfarið hafa meðlimir hljómsveitarinnar þó unnið að fyrstu plötu sinni í fullri lengd en hluti hennar var tekinn upp í upptökuverinu Sundlauginni í Álafossvos, Mosfellsbæ í samvinnu við tónlistarmanninn Pétur Ben sem einnig er framleiðandi plötunnar.



Mynd um ferlið

Róbert Keshishzadeh, nemandi í Kvikmyndaskóla Íslands hefur gert stutta heimildamynd um Oyama sem finna má á netinu. „Hún er beisklí bara um hvernig bandið varð til og hvað við höfum verið að gera og um gerð plötunnar sem við erum að taka upp núna.“ segir Úlfur Alexander. Myndina má finna á slóðinni: <http://oyamayo.tumblr.com/>

Ekki missa af ...

...Gong næringu. Í jógastöðinni Ljósheimum, Borgartúni 3, verður gestum boðið upp á tveggja tíma ferðalag sem samanstendur af stuttri hugleiðslu og þremur gongum sem gefa frá sér ævintýrlegan hljóm sem hjálpar til við að leiða inn í djúpa og nærandi slökun. Næstu gong næringar verða haldnar 12. júní og 17.júlí. Hvert tveggja tíma gong ferðalag kostar 2.000kr.

... Tölt. Nú stendur yfir sýning í Norræna húsinu þar sem íslenskir samtímalistamenn og hönnuðir sýna margvísleg verk sem innblásin eru af íslenska hestinum, útliti hans, hegðun og notkun. Meðal listamanna má nefna Dögg Guðmundsdóttur, Spessa og Unu Lorenzen. Einnig verða verk eftir listamanninn Birgi Andrésson (1955-2007) sem var fulltrúi Íslands á Feneyjatvíringnum árið 1995. Í verkum sínum kannar Birgir tengsl sjónrænnar skynjunnar og tungumálsins með munnlegum hestálýsingum. Sýningin stendur til 29.júní.

...Tapað/fundið.

Í kvöld mun kammerhópurinn Adapter standa að niundu Frumnúttimatónlistarhátíðinni á Kjarvalsstöðum. Í ár verða flutt sjaldheyrð/töpuð verk eldri kynslóða norræna tónskálda í bland við norræn nútímaverk. Megináhersla Frumháttíðarinnar er að kynna meistaraverk nútímatónbókmenntanna fyrir tónlistarunnendum, verk sem þegar hafa sett mark sitt á tónlistarsöguna, en eru þó sjaldheyrð í tónleikahúsum Reykjavíkur. Adapter skipa þau Kristjana Helgadóttir, flauta, Ingólfur Vilhjálmsson, klarínnett, Gunnhildur Einarsdóttir, harpa og Matthias Engler, slagverk og þau sérhæfa sig í flutningi samtímatónlistar. Tónleikarnir hefjast kl.20 og er miðaverð 1.500/2.000kr.

...Stjórnumbliki á næturhimni. Þriðjudaginn 10.júní kl.12:15 verða haldnir síðustu hádegistónleikar Íslensku óperunnar í vetur og fara þeir fram í Norðurljósal Hörpu. Fram koma mezzósópransöngkonan Hörn Hrafnadóttir og Antonía Hevesi sem munu meðal annars flytja ariur eftir Gounod, Cilea, Ponchielli og Verdi. Ókeypiss er á tónleikana og hefur jafnan verið fullt út úr dyrum á þá.

Pure Beef!
If U Dont Like It
U Dont Pay 4 It

"It's hard 2 beat
a good meal
at good price"
Washington Post

HAMBORGARA
Bullan

BURGERJOINT

Burger Joint - Geirsgötu 1 - 101 Reykjavík - bullan@simnet.is - www.bullan.is

MATARSÍÐA SVAVARS

svavar@islenskurmatur.is



Svavar Halldórsson

Ostar, ást og ástríða!

Í gömlu verbúðunum við Grandagarð hafa sprottið alls kyns sniðug og skemmtileg smáfyrirtæki, sælkerabúðir og veitingastaðir. Á þessum síðum höfum við minnst á Sjávarbarinn og ísbúðina Valdís en ein af perlunum á svæðinu er osta- og sælkeraverslunin Búrið. Þar ræður Eirný Sigurðardóttir ríkjum. Að öðrum ólöstuðum er hún líklega mesti ostasérfræðingur landsins. Búrið var áður til húsa í Nóatúni en flutti sig nýlega um set. Nú er verslunin í björtu og opnu húsnæði með langa og merkilega sögu, sem hæfir einstaklega vel því hver einasti ostur í búðinni á sér fortíð – allar tegundirnar 50 eða 60. .

Ostar með sögu og fortíð

Hvar sem borið er niður gefur að líta fullkomlega þroskaða osta – hvorki of unga né of gamla. Borgarskaldið Tómas Guðmundsson kvað að „landslag væri lítils virði ef það hétu ekki neitt“ og það má heimfæra upp á osta. Það er mikil saga á bak við tilurð hvernar einustu tegundar og hana þekkir Eirný út og inn. Hún stofnaði hún Búrið fyrir nærri sex árum eftir að hún koma heim eftir áralanga dvöl erlendis þar sem hún viðaði að sér gríðarlega mikilli þekkingu um osta. Enda er hún kölluð til þegar þjálfar þarf starfsfólk Mjólkursamsölunnar í ostasérfræðum.

Vill smita ostaást

Ástríða Eirnýjar leynir sér ekki um leið og hún fer að tala um osta. Á stríðan sést nánast utan á henni í formi einhvers konar magnaðrar osta útgeislunar og -áru. Sjálf segir hún Búrið hafa

orðið til af því hún vildi „smíta ostaást um allt land.“ Enda er það þannig að sá sem ekki verður uppveðraður og hrifinn þegar hún opnar munninn – ja, það liggur við að maður geti sagt að viðkomandi sé sálarlaus. Hann hefur að minnsta kosti ekki mikla ástríðu fyrir mat. Allri þessari þekkingu, ástríðu og ostaást miðlar Eirný til viðskiptavina í búðinni.

Frekar rágjafi en kaupmaður

Enda segist hún ekki líta á sig sem kaupmann. „Ég er kannski frekar svona ráðgjafi. Hingað kemur fólk sem er að undirbúa matarboð og veislur og spyr mig út í ostana. Hversu mikið þarf og hvernig osta á að velja í samhengi við matinn og vínið.“ Hugmyndafræði Eirnýjar og Búrsins snýst sem sagt um að miðla fróðleik og þekkingu um osta. Í nýju búinni hefur vissulega

verið tækifæri til að stækka og breikka vöruúrvalið en það er alls ekki nóg fyrir þann sem er heltekinn af djúpri ostaást. Það mætti því kannski segja að Búrið sé ástríðurekstur frekar en nokkuð annað. Ef slík skráning væri möguleg, hétu fyrirtækið líklega Búrið áhef (ástríðueinkahlutafélag).

Einstakur ostaskóli

Eirný framleiðir líka alls kyns sultur, mauk, marmelaði og fleira sem fer með ostum. Það sem matarblaðamaður hefur smakkað af því er hvað öðru betra. Síðan er það rúsínan í pylsuendanum – Ostaskóli Búrsins. Eirný kennir ekki fólk að búa til osta í Ostaskólanum, heldur kennir hún því að borða osta – enda er ostur ekki bara ostur. Rétt eins og maður getur lært á vín, þá getur maður lært á osta. Eirný leiðir nemendur sína í gegnum undraheima og sögu ostsins frá því löngu fyrir kristurburð og fram á okkar daga. Fræðir þá um hvernig frægustu ostar heimsins eru búinir til en ekki síst hvernig á að borða þá og með hverju.

Biltúrsins virði – og rúmlega það

Í einföldu máli mætti segja að Ostaskólinn sé í raun létt, skemmtileg og fróðleg kvöldstund með guðómlegum



„Hingað kemur fólk sem er að undirbúa matarboð eða veislur og spyr mig um ostana,“ segir Eirný Sigurðardóttir í Búrinu.

kjöldmat. Svo er heldur ekki amalett að geta slegið um sig í vinnunni daginn eftir með skilgreiningum á ferskum ostum, mjólkum, hvítmyglu- eða rauðkittisostum. Allt þetta kennir Eirný fólk á milli þess sem hún rekur verslunina og stendur fyrir reglulegum matarmörkuðum í samvinnu við ýmsa

bændur og smáframleiðendur. Síðasti markaður var í Hörpu í vor og aldrei hafa fleiri lagt leið sína á einum degi í þá ágætu höll frá því hún var byggð. Búrið er sannarlega einn af þessum gimsteinum í höfuðborginni sem vert er að heimsækja – og vel þess virði að gera sér ferð.

★★★
H-BERG
 ★★★
 Hollar vörur úr náttúrunni
 Íslensk framleiðsla

NÝTT!



Vandað nám í heillandi umhverfi



Öflugur og nútímalegur háskóli í Borgarfirði

Það er alltaf gott að koma á Bifröst. Öll aðstaða til náms er til fyrirmyndar og stuðlar að góðum árangri í námi. Íbúðarhúsnæði á staðnum er hagkvæmt og fjölbreytt og hentar jafnt einstaklingum sem fjölskyldum. Á Bifröst er stutt í óbeislaða náttúru og þar eignast fólk vini fyrir lífstíð.

Kynntu þér nám í Háskólagátt og grunnnámi við Háskólann á Bifröst.

Nánari upplýsingar á nam.bifrost.is



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Mannréttindi og kosningaþátttaka

Dræm kosningaþátttaka í sveitarstjórnarkosningunum 2014 er svo sannarlega áhyggjuefni, en þátttakan var sérstaklega lítil í Reykjavík. Spyrja má hvort eitthvað hafi verið sérstakt við þessar tilteknu kosningar eða hvort þátttaka í kosningum fari almennt þværrandi.

Ef ég byrja á seinni spurningunni held ég að það sé sérstakt verkefni allra flokka að ræða það hvernig ná eigi sambandi við ungt fólk og virkja það til að nota lýðræðislegan rétt sinn. Mjög margt ungt fólk fékk í fyrsta skipti að kjósa að þessu sinni og nýtti ekki þann rétt. Bent hefur verið á að með því að hafa kosningar rafrænar verði hugsanlega hægt að ná betur til þessa aldurshóps og tel ég fyllstu ástæðu til að skoða þá hugmynd og nýta sér reynslu annarra þjóða sem hafa þróað og prófað rafrænar kosningar. Ég tel að rafrænar kosningar henti sumum betur en öðrum og að líkast til væri æskilegra að hugsa sér blandað kerfi af rafrænum kosningum og venjulegum í sveitarstjórnarkosningum í framtíðinni. Margir hafa ekki aðgang að tölvu og eru ekki færir í tölvusamskiptum. Fyrir þann hóp myndu rafrænar kosningar skapa þröskuld. Aftur á móti gætu slíkar kosningar orðið til að virkja hóp sem ekki kemur á kjörstað núna. Fleira þarf að koma til ef virkja á unga fólkið, t. d. að það ungt



Höfundur er
Sigríður Guðmarsdóttir
Sóknarprestur í
Grafrholtsprestakalli

fólk sé ofarlega á listum í framboði en skreyti ekki botnsætin. Ég hygg að það að efla kosningaþátttökuna sé sameiginlegt verkefni allra sveitarstjórnarmanna sem þeir ættu að geta unnið að saman. Það var nokkuð lýsandi að í kosningasjónvarpi ríkisútvarpsins var snemma kvöldsrætt við nokkra fulltrúa unga fólksins sem allir voru frekar áhugalitlir um stjórnmál. Þessir fulltrúar voru reyndar allir komnir yfir þritugt. Af hverju talar enginn við þau sem eru 18 ára?

Ég tel að Samfylkingunni hafi tekist að koma einföldum skilaboðum á framfæri til borgarbúa sem skiluðu sér í glæstum sigri þeirra. Hamrað var á oddvitanum sem traustum manni sem veki öryggi og gæti tryggt vinnufrið í borginni. Aðrir

flokkar náðu síður að koma stefnumálum sínum á framfæri, oft vegna þess að málin sem þeir börðust fyrir voru of mörg til þess að þau sem voru á mörkunum að vilja kjósa nenntu að setja sig inn í þau.

Hvað varðar fyrri spurninguna um aðstæður í Reykjavík sérstaklega, þá er kosningaþátttakan þar sérstakt rannsóknarefni. Á endaspretti kosninganna í Reykjavík valdi einn oddvitinn að draga þjóðkirkjuskipanina inn í kosningabaráttuna og halda því fram að á grundvelli hennar væri réttlætlanlegt að neita múslimum um lóð í Reykjavík til jafns við kirkjulóðir sem úthlutað hefur verið til þjóðkirkjunnar og fleiri trúfélaga. Í kjölfarið blossaði upp þjóðernisumræða sem á köflum var mjög öfgafull og islamófóbistar skipuðu sér á bekk með framboðinu sem hlaut í kjölfarið tvo menn í borgarstjórn. Það er áhyggjuefni að Reykvikingar og sérstaklega ungir kjósendur skuli í stórum stíl hafa valið að sitja heima á kjördag og sérstakt áhyggjuefni má telja að ekki einu sinni öfgaumræða um trúfrelsi minnihlutahópa í kjölfar málflyttings áður nefnds framboðs hafi náð Reykvikingum á kjörstað. Þetta bendir til þess að borgarbúar séu óþarflaga sinnulausir um lýðréttindi sín og um grundvallarmannréttindi. Það er verkefni lýðræðiselskandi fólks í öllum flokkum að fylkja sér um að breyta því.

Gott að vera mjög vel á verði gagnvart færeykskunnni

Andri Snær Magnason og Þórarinn Eldjárn fengu nýlega afhent Barnabókarverðlaun skóla og frístundaráðs Reykjavíkurborgar. Þetta eru elstu barnabókmenntaverðlaun landsins, en þetta var í 42. sinn sem viðurkenningin er veitt. Andri Snær hlaut viðurkenningu fyrir bók sína *Tímakistuna*, en Þórarinn fyrir þýðingu sína á færeysku barnabókinni *Veíða vind*.

„Ég auðvitað upplifi það að þótt Færeyingar séu bestu vinir okkar, þá er ekkert tungumál þar sem eru jafn margir „falskir vinir“,“ segir Þórarinn Eldjárn í samtali við Reykjavík vikublað og á þar við orð sem „villa á sér heimildir“ líta út eða líkjast íslensku orði, en merkja síðan eitthvað allt annað. „Ég lenti aðeins í vandræðum með þetta, en ég fékk góða aðstoð og þá var hægt að leiðrétta,“ segir Þórarinn.

Hann tekur sem dæmi orðið blautur. Merkingin er skýr fyrir okkur, en færeyska orðið, sem skrifað er eins, merkir hins vegar ‘mjúkur’. „Þegar orðið er komið með nákvæmlega sama útlit og á íslensku, þá lætur maður það blekkja sig. Þannig að það er gott að vera mjög vel á verði þegar maður er að þýða færeysku,“ segir Þórarinn, og bætir því við að eftir þessa reynslu langi hann að læra meira í máli þessarar frændþjóðar okkar.

Endurnýjast

Viðurkenninguna hlaut Þórarinn fyrir þýðingu sína á færeyska tónlistarævintrinu *Veíða vind* eftir Rakel Helmsdal, Janus á Húsagarði og Kára Bæk. Þetta er í þriðja sinn sem Þórarinn fær þýðingarverðlaunin, en hann hefur tvisvar



Andri Snær Magnason ásamt sonum Þórarins Eldjárns sem veittu viðtöku verðlaunum í hans stað fyrir best þýddu barnabókina, *Veíða vind*. Með þeim á myndinni eru Margrét Kristín Blöndal, Oddný Sturludóttir og Elsa Yeoman.

fengið þau fyrir bestu frumsömdu barnabókina.

Þórarinn segir annars að gildi verðlaunanna sé mikið. „Það setur í mann aukinn áhuga og einhvern veginn endurnýjast maður dálítið við að upplifa að það sé tekið eftir þessu.“

Ánægjuleg staðfesting

Andri Snær hlaut viðurkenninguna fyrir söguna *Tímakistuna* en hún hefur hlotið mjög góðar viðtökur og er meðal annars einnig tilefnd til Barnabókarverðlauna Norðurlandaráðs eins og Lani Yamamoto, en verðlaunin verða afhent í haust.

„Svona viðurkenningar eru mikilvægar. Þetta eru jú elstu barnabókarverðlaun á landinu og gleðilegt finnst mér,“ segir Andri Snær í samtali við Reykjavík vikublað. Hann segist hafa verið lengi með bókina í vinnslu. Liðin séu tíu ár frá því að hann gaf síðast út skáldverk á bókformi, og ein fimmtán ár frá því að hann gaf út barnabók, en í millitíðinni hefur

hann einnig fengið við leikritun og uppsetningu bók sinna á sviði, heimildamyndagerð, visindaskáldskap og „bók sem var einhvers konar fræðirit, bók um raunveruleikann,“ segir Andri Snær og vísar þar í bókina *Draumalandið – sjálfshjálparbók* handa hræddri þjóð.

Hátíð í Höfða

Elsa Yeoman, forseti borgarstjórnar, og Oddný Sturludóttir, formaður skóla- og frístundaráðs, afhentu barnabókarverðlaunin við hátíðlega athöfn í Höfða að viðstöddum fjölmörgum gestum, þó ekki verðlaunahafanum Þóarini, sem var í Kaupmannahöfn að flytja Danadrottningu drápu, en synir hans tóku við verðlauninum fyrir ahns hönd. Meðal gesta voru ungir sigurvegarar í Stóru upplestrarkeppninni sem lásu upp úr verðlaunabókunum.

Dómnefnd nefnd var að þessu sinni skipað Margréti Kristínu Blöndal formanni, Mörtnu Guðjónsdóttur og Guðrúnu Höllu Sveinsdóttur.

Lengri
afgreiðslutími
í sumar*

Árbæjarlaug

Mánud. - fimmtud. **6:30 - 22:00**
Föstudaga **6:30 - 20:00**
Helgar **9:00 - 20:00**

Vesturbæjarlaug

Mánud. - fimmtud. **6:30 - 22:00**
Föstudaga **6:30 - 20:00**
Helgar **9:00 - 20:00**

Breiðholtslaug

Mánud. - fimmtud. **6:30 - 22:00**
Föstudaga **6:30 - 20:00**
Helgar **9:00 - 19:00**

Grafarvogslaug

Mánud. - fimmtud. **6:30 - 22:00**
Föstudaga **6:30 - 20:00**
Helgar **9:00 - 19:00**

Laugardalslaug

Mánud. - fimmtud. **6:30 - 22:00**
Föstudaga **6:30 - 22:00**
Helgar **8:00 - 22:00**

Sundhöll Reykjavíkur

Mánud. - fimmtud. **6:30 - 22:00**
Föstudaga **6:30 - 20:00**
Laugardaga **8:00 - 16:00**
Sunnudaga **10:00 - 18:00**

Klébergslaug

Mánud. - fimmtud. **15:00 - 21:00**
Föstudaga **15:00 - 21:00**
Helgar **11:00 - 15:00**

*Sumarafgreiðslutími gildir frá 1. júní - 31. ágúst



SAMFÉLAGSUMRÆÐA

Moskugleiðingar heiðingja

Ég á engan guð og mér finnst trúarbrögð yfir höfuð dálítið skritin. Þó get ég alveg unnt fólki þess að trú á sinn guð enda er ekkert víst að ég hafi endilega meira rétt fyrir mér en meginþorri mannkyns (ekki alveg víst sem sagt). Stundum vildi ég meira að segja gjarnan eiga guð sjálf, til dæmis þegar skelfilegir hlutir gerast næstum því en samt ekki. Þá gæti hefði verið gott að hafa einhvern ábyrgan til að þakka fyrir gæfuna sem ég hef notið, óverðskuldað aftur og aftur. Og til að biðja viðkomandi í leiðinni (plíííís) að hafa áfram gætur á mér og mínum.

Guðs hús ekki manna

Þrátt fyrir trúleysi mitt get ég alveg sætt mig við að fólki sem trúir á eitthvað sé mikilvægt að hafa stað til að stunda sína trú (mér finnst það ekki sérlega lógískt því guðir ku búa yfir þeim ofurgáfum að vera alls staðar en ekki bara á fyrirfram ákveðnum stöðum en það þarf ekki allt að vera lógískt min vegna). Ég held reyndar að ég fari oftast í kirkju en flestir sem ég þekki, pottþétt oftast en allir trúleysingar sem ég þekki. Það er af því að þar hittu ég sveitunga mína og frændfólk sem mér þykir vænt um. Líka af því að mér finnst gaman að

hlusta á kórinn, af því að þar heyrir ég margt skynsamlegt og af því að kirkjan minnir mig á mömmu mína og pabba sem voru kristið fólk á fallegan hátt þó þeim hafi mistekist svona hrapparlega að koma trú sinni áfram til komandi kynslóða. Eða kannski var það einmitt fegurðin við þeirra kristindóm. Dálæti mitt á lítilli kirkju uppi í sveit er ástæða þess að ég hef ekki sagt mig úr þjóðkirkjunni þó mér hafi stundum þótt ástæða til. Útslagið gerðu orð prestsins í Hruna sem líka býr yfir fallegum kristindómi og sem sagði, í einni af umræðum okkar um málið, að ég gæti sagt mig úr þjóðkirkjunni fram og til baka en að ég væri samt alltaf velkomin í kirkjuna því hún sé guðs hús en ekki manna. Þá fannst mér þessi úrskráning allt í einu ekkert svo áriðandi lengur.

Æpandi skilningsleysi

Ég reyni eins og ég mögulega get að vera ekki hrokafullur trúleysingi (stundum finnst mér að mér sé gert erfitt fyrir í þeim efnum, ekki síst af sjálfri mér) og ég leitast við að bera virðingu fyrir og hafa skilning á ýmsu sem mér finnst samt svolítið óskiljanlegt. Ég skil alveg að það er margt gott í trúarbrögðum og að í krafti þeirra eru mörg góð verk unnin en að sama

skapi að hægt er að nota þau til viðbjóðslegra verka ef svo ber við. Svo stranda ég stundum í skilningnum og umburðarlyndinu og undanfarna daga hefur skilningsleysi mitt verið æpandi.

Ég skil ekki hvernig fólk getur gert kröfu til að trú á sinn guð og tilbiðja hann í þar til gerðum húsum en ekki unnt öðrum, sem trú á pínulítið annan guð að tilbiðja hann þar sem þeim hentar. Ég skil ekki hvernig hægt er að líta á blett við Sogamýrina sem merkilegasta blettinn í Reykjavík og það fyrsta sem fólk sér þegar það keyrir inn í borgina þegar mér finnst svo augljóst að Reykjavík „byrjar“ ekki í Ártúnsbrekkunni (og mér finnst alltaf að Morgunblaðskastalinn sé það fyrsta sem ég sé þegar ég kem til Reykjavíkur sem mér þætti ótrúlega pirrandi ef uppahaldssystir mín ynni ekki þar og hún er þannig að enginn staður er alsæmur þar sem hún er). Ég skil heldur ekki af hverju moska má ekki bara vera það fyrsta sem fólk sér þegar það kemur til Reykjavíkur ef svo ber undir eða hvernig það getur verið verra en að sjá útibú skyndibitakeðju, verslunarmiðstöð eða bensinstöð (að ógleymdum Mogganum og Sigrúnu



Höfundur er Sigprúður Guðmundsdóttir Fræðslu- og framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins

systur). Ég skil ekki af hverju fólk sem á í öruggu sambandi við guðinn sinn sér ógn í því að aðrir fái tækifæri til að byggja upp samband við sinn guð. Ég skil ekki af hverju fólk sem ekki adhyllist nein trúarbrögð getur þolað kirkjur um allar jarðir en ekki tilhugsunina um eina mosku.

Kúgaðar og lamdar

Kannski stafar þetta skilningsleysi mitt af því að ég hef aldrei búið í Saudi-Arabíu eins og Framsóknarkonan eða af því að dóttir mín á ekki múslimska stjúp móður. Kannski af því að ég er heiðingi og næ því ekki að ein trúarbrögð séu fallelgrí en önnur. Kannski er ég bara svona vandræðalega þröngsýn og fattlaus, það væri þá ekki í fyrsta

sinn sem það kemur mér í klandur.

Ég þekki allmarga múslima, aðallega konur og börn. Konurnar hafa næstum allar verið kúgaðar og þær hafa líðið fyrir það að vera konur enda kynnist ég þeim í húsi þar sem konur koma í kjölfar kynbundins ofbeldis og kúgunar. Þær hafa verið lamdar, brenndar, bundnar, skornar og bitnar, það hefur verið sparkað í þær, þær dregnar á hárinu, höfðinu á þeim haldið ofan í vatni, þeim kastað niður af svölum og hent úr úr bíl á ferð. Þeim hefur verið nauðgað, þeim hefur verið hótáð öllu illu og þær hafa verið uppnefndar, spottaðar, skammaðar, niðurlægðar og ásakaðar. Ég held að mér gengi órlítið betur að skilja umræður dagsins um moskur og múslima ef þessar konur hefðu verið beittar ofbeldi af hálfu múslimskra samlanda sinna en ekki íslenskra eiginmanna eins og reyndar er oftast tilfellið.

Íslam og jafnréttisbaráttan

„Af hverju hafa konur í múslimalöndum minni réttindi en karlar?“ spurðu dr. Shirin Ebadi, friðarverðlaunahafi Nóbels, í ítarlegu viðtali við Reykjavík vikublað sem birt var fyrr í vetur. Hún svaraði spurningunni sjálf um hæl: „Það er inngróíð í menninguna að röng túlkun karla á Íslam og Kóraninum er notuð til þess að undiroka konur.“

Ebadi segir trúna skipta fólk máli. „Konur þurfa að kynna sér Íslam vel og nota túlkun sína. Karlar hafa túlkað Kóraninn, en nú er komið að konum. Við getum verið múslimar og verið frjálsar.“



Dr. Shirin Ebadi, handhafi friðarverðlauna Nóbels.

Bókstafstrú er víða

Trúarbrögð hafa víðar áhrif en í löndum múslima. Dr. Ruth Halperin-Kaddari frá Ísrael greindi blaðamanni Reykjavíkur vikublaðs frá því á jafnréttisráðstefnu sem haldin var í Osló í vetur, að Knesset, ísraelska þingið, hefði þá nýlega samþykkt lög sem banna hjónabönd fólks yngra en 18 ára. Hún greindi frá því að bókstafstrúarmenn hefði lengi barist gegn því að giftingardur yrði hækkadur úr 17

árum, en lög um lágan giftingardur hefðu verið í gildi í 60 ár. Rannsóknir sýni 4.500 ungmenni væru látin ganga í hjónaband 17 ára eða yngri. Þar væru stúlkur í miklum meirihluta. Þriðjungur barnanna sem væru látin ganga í hjónaband væru gyðingar, svo ekki væri þetta bundið við múslima. Stór hluti barna sem væru látin ganga í hjónaband væru jafnvel enn yngri. Enda þótt giftingardurinn væri

einungis hækkadur um eitt ár, úr 17 árum í 18, þá væri það mikilvægt, þar sem stúlkur væru þroskaðri, bæði líkamlega sem andlega, og ættu meiri möguleika á að móta sína eigin framtíð. Þá hafi einnig verið numið úr lögum ákvæði sem bannar með öllu hjónabönd barna undir sextán ára aldri, en slíkt hafði verið heimilað, til dæmis í tilvikum þar sem stúlka var með barni.

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Sumarið er tíminn!

GRÓÐURHÚS

Verð frá **69.900,-**

Erum með vönduð og góð gróðurhús í öllum stærðum og gerðum. Gler og plast.

Eldhúsinnréttingar

Einstök gæði á góðu verði og vaxtalaus greiðsludreifing í 12 mánuði

Innréttingar Skrifstofuhúsgögn BoConcept

Þín veröld

INNX
Innréttingar

Fosshálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 577 1170
Fax 577 1172 • www.innx.is • innx@innx.is



1 SYSTEMS OneQuality

Gæðakerfi - gæðahandbók

einfalt vinnferli við útgáfu
gæðahandbóka og skjala


- » Vefkerfi sem auðveldar allt aðgengi að handbókum og gæðaskjölum, hvort sem er á innri- eða ytri vef fyrirtækja og stofnana.
- » Hentar fyrir allar gerðir handbóka svo sem stjórnunar-, rekstrar-, skipulags-, starfsmanna-, notenda-, gæða-, umhverfis-, neyðar- og öryggishandbóka.
- » Auðveldar gerð og útgáfu gæðaskjala.
- » Getur sent skjöl í rýni til gæðatengla eða annarra til samþykktar eða yfirlesturs.



1 SYSTEMS
OnePortal
Self-Service

OnePortal er vefgátt sem gerir fyrirtækjum og sveitarfélögum kleift að veita íbúum þjónustu allan sólahringinn, allt árið um kring. Rafrænin innri ferlar eru tengdir við þjónustugátt fyrir íbúa eða viðskiptavini, þar sem þeir geta afgreitt sig sjálfa á sjálfvirknan máta með innsendingu umsókna og erinda á vef.

1 SYSTEMS
OneRecords



OneRecords er öflug lausn sem auðveldar fyrirtækjum og sveitar- félögum halda utan um mál sem eru í gangi á hverjum tíma. Stjórnendur hafa yfirsýn yfir gang mála innan fyrirtækisins og notendur geta á einfaldan máta sótt lista yfir þau mál sem þeir bera ábyrgð á.



MoReq2

Þróunarstefna OneSystems styður Moreq2, kröfur evrópulanda um gagnsæi, rekjaleika og öryggi.



One býður hagkvæmar lausnir
með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



**TOPP
HESTAR**
HESTALEIGA
DREYRAVÆLLIR 2
Sí: 897 2208
Sífréttanúmer: 884-5588

Reiðskólinn hefst 10. júní
5 daga námskeið frá
mán-fös., allan daginn
frá kl. 9-16 með fæði.
Aldur 5-12 ára.

Uppl. í s. 557 2208 & 895 3588

BAKSÍÐAN

Helga Lilja
Bergmann



Filterinn

Mér finnst gaman að kaupa gamla hluti. Ég hef sankað að mér ýmsu fögru og sjaldgæfu undanfarinn ár og væri alveg til í að halda endalaust áfram að kaupa og kaupa. Fólk mun nefninlega aldrei hætta að henda og henda.

En ég hef ekki endalaust pláss og sambýlisfólk mitt hefur beðið mig að draga úr þessari iðju. Þá fann ég aðferð til að njóta hlutanna sem ég á á nýjan hátt, ég tek af þeim myndir með instagram. Svo pósta ég myndunum með #vintage og #retro og fylgist með öðrum instagrómmurum sem taka myndir í sama stíl. Til að gera myndirnar flottari og láta hlutina líta enn betur út nota ég, eins og allir hinir, alltaf einhvern filter, þann mjúka rómantíska, þann sem skerpir alla liti eða þann sem gerir myndina svarthvíta.

Það er svo að rétti filterinn getur gert alla hluti fallega og allt fólk fagurt og töff. Myndefnið skiptir ekki máli, á instagram getum við öll liti út fyrir að eiga flottasta dótið, sætustu kisurnar og fegurstu börnin. Allur matur lítur út fyrir að vera einstaklega girnilegur og hörmulega ljótar götur eða hús líta út fyrir að vera algert augnayndi.

Svo lít ég uppúr myndunum á instagram og litast um, flottu hlutirnir eru í á rúi og stúi og ekkert sérlega kúl, kaffið sem myndaðist svo vel er bragðlaust, stjórnmálamennirnir eru ekki grannir með rjóðar kinnar og allt virðist krumpaðra og grárra en áður.

Kannski verður hægt að vera stanslaust með filter fyrir augunum þegar nýju tæknilegu internetgleraugun koma á markað, þá verður fallett að lifa!

REYKJAVÍK

Alla laugardaga

Auglýsingasíminn er
578 1190

Netfang:
auglysingar@fotspor.is

Full búð af
nýjum vörum

name it
Kringlunni og Smáralind

FACEBOOK: NAME IT ICELAND
INSTAGRAM: @NAMEITICELAND

HM DAGAR

Í SAMSUNG-SETRINU



Full búð af **SAMSUNG**
sjónvarpstilboðum

TIL DÆMIS:

SAMSUNG UE46/50F5005

LED SJÓNVARP · 100 Hz · Full HD 1920x1080p
· Mega skerpa · Afspilun USB: kvikmyndir, ljósmyndir, tónlist ·
Sjónvarpsmóttakari: Digital DVB-T2

TILBOÐ#1:

46" = 159.900

TILBOÐ#2:

50" = 199.900



SAMSUNG UE48/55H6675ST

LED SJÓNVARP · 600 Hz · Full HD 1920x1080p
3D · SMART TV

Skjár: Micro Dimming fyrir betri svartann lit · AllShare: Auðvelt að
streyma frá öðrum raftækjum í Smart TV · Betri örgjöfvi: Quad Core
tryggir frábært viðmót í Smart TV · Sérstakt *Football Mode* sem gerir
íþróttaviðburði líflægri · Endalaust úrval af frábærum forritum í Smart
Hub · USB upptaka og afspilun · Tvenn þrívíddargleraugu fylgja með
og tvær góðar fjarstýringar · Hægt að stýra afruglara með
sjónvarpsfjarstýringu · Gervihnatta móttakari

TILBOÐ#3:

48" = 249.900

TILBOÐ#4:

55" = 349.900



SAMSUNG UE55F8005

GLÆSILEGT VERÐLAUNATÆKI

**„BESTA SMART TV Á
MARKAÐINUM 2013-2014“**

LED SJÓNVARP · 1000 Hz · Full HD
1920x1080p

TILBOÐ#5:

55" = 529.900



FIFA WORLD CUP
Brasil

VEITUM
20% AFSLÁTT AF ÖLLUM HEIMABÍÓUM við kaup á sjónvörpum á HM-DÖGUM

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK

SAMSUNG

SETRID

samsungsetrid.is

SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900

Opið virka daga kl.10-18 / Lokað laugardaga í sumar